

## FRÉTTABRÉF

### ÁVARP FORMANNS

Góðvinir eru samtök nemenda sem brautskráðir eru frá Háskólanum á Akureyri og annarra velunnara háskólans. Brautskráðir nemendur verða sjálfkrafa meðlimir í félaginu við brautskráningu en byrja ekki að greiða félagsgjöld fyrir en tveimur árum síðar. Markmið samtakanna eru að auka tengsl háskólans við fyrrum nemendur sína og styðja við uppbyggingu háskólans eftir fremsta megni, fjárhagslega og á annan hátt. Þetta gera Góðvinir m.a. með því að innheimta félagsgjöld, heiðra nemendur fyrir óeigingjarnt starf í þágu háskólans við brautskráningu og safna fjármagni frá fyrirtækjum. Til stendur að breyta áherslum Góðvina þannig að félagið verði virkara og í betra sambandi við sína félagsmenn en lykillinn að þessum breytingum er vefvæðing og því viljum við biðja alla félagi í Góðvinum að senda inn virk netföng sín á [dagmar@unak.is](mailto:dagmar@unak.is). Félagar munu þá oftast fá fréttir af því sem félagið er að fást við og af háskólanum. Þessar breytingar verða nánar ræddar á ársfundi 25. mars næstkomandi.

Í stjórn Góðvina árið 2009 störfuðu auk mín, Selma Dögg Sigurjónsdóttir, varaformaður, Baldvin Esra Einarsson, gjaldkeri og Sólveig Ása Árnadóttir, meðstjórnandi og fulltrúi háskólaráðs. Fyrir hönd félags stúdenta (FSHA) sat í stjórninni fyrri hluta árs Elín Helga Hannesdóttir en þann síðari Eva Möller. Þeim vil ég öllum þakka fyrir gott samstarf. Starfsmaður Góðvina er Dagmar Ýr Stefánsdóttir, markaðs- og kynningarfulltrúi.

**Þuríður Jónasardóttir,**  
formaður Góðvina HA



### FYRIRTÆKJATAL

Eftirtöld fyrirtæki/félagasamtök styðja við bakið á Góðvinum:

MS Á AKUREYRI

HÖLDUR EHF.

FÉLAG VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKIS

EINING-ÍÐJA

PEDROMYNDIR

RAFTÁKN

HALLDÓR ÓLAFSSON EHF.

BAKARÍÐ VIÐ BRÚNA

Forsvarsmönnum fyrirtækjanna/félagasamtakanna er þakkað kærlega fyrir rausnarlegan stuðning.

### FRAMUNDAN HJÁ GÓÐVINUM 2010

**Aðalfundur fimmtudaginn 25. mars 2010  
í stofu L203 á Sólborg kl. 12:00–13:00.**

Hvetjum alla til þess að mæta en á fundinum verða teknar ákvarðanir varðandi starfsemi félagsins í framtíðinni auk venjulegra aðalfundarstarfa. Þeir sem hafa áhuga á að starfa í þágu félagsins eru hvattir til að mæta á fundinn. Hádegishressing í boði Lostætis.

### Vígsla nýs húsnæðis á Sólborg.

Góðvinir munu taka þátt þegar ný álma verður vígð á Sólborg í lok ágúst. Nánari upplýsingar síðar.

### HEIÐURSVERÐLAUN GÓÐVINA



Stjórn Góðvina heiðraði eftirtalda við brautskráningu 13. júní 2009 fyrir góðan námsárangur og óeigingjarnt starf í þágu háskólans á þeim tíma sem þeir voru við nám:

**Heilbrigðisdeild:** Helena Hrund Jónsdóttir

**Hug- og félagsvísindadeild:** Ágústa Berglind Hauksdóttir

**Viðskipta- og raunvísindadeild:** Jón Ingi Björnsson

Til viðbótar heiðruðu Góðvinir sérstaklega Árna Sigurgeirsson fyrir gott starf í þágu Góðvinafélagsins og Reynir Albert Þórolfsson fyrir þátttöku í kynningarstarfi fyrir háskólann.

Að lokum heiðruðu Góðvinir Þorstein Gunnarsson, fráfariandi rektor fyrir framúrskarandi og óeigingjarnt starf í þágu Háskólans á Akureyri en Þorsteinn hefur einnig stutt afar vel við bakið á Góðvinum þau ár sem félagið hefur verið starfandi og hvatt til eflingar þess.

Verðlaunin eru gullnælur sem Kristín Petra Guðmundsdóttir gullsmíður, hannaði og smíðaði sérstaklega fyrir Góðvini.

## BRAUTSKRÁNINGARVEISLA OG ENDURFUNDIR Á SÓLBORG 13. JÚNÍ

Að kvöldi brautskráningardags 13. júní 2009 efndu Góðvinir og FSHA til útskriftarveislu og endurfunda í matsal háskólans á Sólborg. Þetta var í fjórða skipti sem efnt var til slíkrar hátíðar. Veislan þótti heppnast vel, boðið var upp á glæsilegt hlaðborð frá Lostæti og veislustjórnin var í höndum Gísla Einarssonar, fréttamanns. Í lokinn skemmtu þeir Eypór Ingi Gunnlaugsson og Andri Ívarsson gestum með söng og gítarspili.



### HEIMASÍÐA GÓÐVINA

Heimasíða Góðvina er hluti af heimasíðu Háskólans á Akureyri. Slóðin er [www.godvinir.is](http://www.godvinir.is). Þar er mögulegt að ganga til liðs við samtökin, skoða fréttir af starfsemi samtakanna og myndir frá atburðum. Brautskráðir nemendur sem ekki eru félagar í Góðvinum eru hvattir til að skrá sig og styðja þannig við bakið á gamla háskólanum sínum.

### NETFÖNG FÉLAGA Í GÓÐVINUM

Unnið er að því að vefvæða Góðvinafélagið til muna og þannig er þetta í síðasta skipti sem fréttabréfið verður prentað, framvegis verður það eingöngu gefið út á netinu en í staðinn oftast yfir árið. Til þess að af þessu megi verða vantar Góðvini netföng allra félaga svo við viljum biðja ykkur um að senda virk netföng ykkar til [dagmar@unak.is](mailto:dagmar@unak.is).

### GREIÐSLUSEÐLAR

Greiddsluseðlar fyrir félagsgjaldi í Góðvinum verða sendir í apríl 2010. Upphæðin verður ákveðin á aðalfundi. Félagsmenn sem brautskráðust vorið 2007 fá nú í fyrsta sinn sendan greiddsluseðil. Um er að ræða valkröfu sem birtist í heimabanka hjá félagsmeðlimum. Þeir sem kjósa að greiða ekki félagsgjaldið hafa þar með sagt sig úr félaginu. Fyrir nánari upplýsingar má hafa samband á netfangið [dagmar@unak.is](mailto:dagmar@unak.is).

### BAKHJARLAR GÓÐVINA



## „ÞETTA HELST“ HJÁ HA Á ÁRINU 2009



### Sjávarútvegsmiðstöð stofnuð

Í apríl 2009 var formlega stofnuð Sjávarútvegsmiðstöð við Háskólann á Akureyri. Fjármálaráðherra og rektor undirrituðu samning þess efnis á Borgum. Forstöðu Sjávarútvegsmiðstöðvarinnar veitir Hreiðar Valtýsson, lektor við auðlindadeild HA.



### Nýr rektor

Stefán B. Sigurðsson tók við sem rektor Háskólans á Akureyri af Þorsteini Gunnarssyni sem gegnt hafði embættinu í 15 ár. Fyrirverandi og núverandi rektor höfðu lykaskipti af þessu tilefni í endaðan júní 2009.



### Fyrsti rektor HA látinn

Haraldur Bessason, fyrsti rektor Háskólans á Akureyri, lést þann 8. apríl 2009 á sjúkrahúsi í Toronto þar sem hann bjó síðustu árin. Haraldur stýrði háskólanum á uppbyggingarárum hans af myndarskap frá 1987 til 1994. Hann var kjörinn fyrsti heiðursdoktor við Háskólann á Akureyri við brautskráningarathöfn 10. júní 2000. Minningarathöfn var haldin í Akureyrarkirkju.



### Fyrsta meistaravörnin í sögu viðskiptadeildar

Í lok maí 2009 fór fram fyrsta meistaravörnin í sögu viðskiptadeildar HA. Þá varði Eggert Þór Óskarsson ritgerð sína: Alcoa í Fjarðabyggð. Alþjóðafyrirtæki á Austfjörðum.



### Fyrsti blaðamannafundur nýrrar ríkisstjórnar

Fyrsti blaðamannafundur ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri-Grænna var haldinn í húsakynnum Háskólans á Akureyri í maí. Ríkisstjórnin byrjaði á því að halda sinn fyrsta ríkisstjórnarfund í Ráðhúsi Akureyrarbæjar en kom svo í háskólann og svaraði spurningum blaðamanna. Starfsfólk Háskólans á Akureyri fjölmennti á fundinn og fylgdist með.



### Fullveldishátíð 1. des

Þann 1. desember 2009 var venju samkvæmt haldin Fullveldishátíð í Háskólanum á Akureyri. Dagskráin þótti takast vel og fjölmargir sóttu háskólann heim til þess að taka þátt í hátíðarhöldunum. Boðið var upp á málþing um fullveldið, hátíðardagskrá við Íslandsklukkuna þar sem Þorsteinn Gunnarsson, fyrirverandi rektor, sá um að hringja klukkunni og að lokum var öllum boðið upp á kakó og smákókur.